

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi nr. 477/2020.

#### 1. gr.

1. málslíður 2. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Litið skal á faglega menntun og hæfi sem veitir handhafa áunnin réttindi þó svo hann uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru í gildandi lögum, eða stjórnáslufyrirmælum, aðildarríkis fyrir því að fá aðild að, eða stunda starfsgrein, sem vitnisburð um formlega menntun og hæfi samkvæmt sömu skilyrðum og segir í 1. mgr. þessarar greinar.

#### 2. gr.

Á eftir 28. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, 28. gr. a, sem orðist svo ásamt fyrirsögn:

#### *Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/983 frá 24. júní 2015 um málsmeðferð við útgáfu evrópska fagskírteinisins og beitingu viðvörunarkerfisins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB.

Jafnframt er innleidd með reglugerð þessari framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/907 frá 14. mars 2019 um að koma á fót sameiginlegu námsprófi fyrir skíðakennara skv. 49. gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

#### 3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 29. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 9. gr. laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, öðlast þegar gildi.

*Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. september 2023.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

*Ásdís Halla Bragadóttir.*